MÍMIR
Vertu meira!

Áfangalýsingar

Menntastoðir

1.4.2026

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Heiðarleiki í námi 3
Hæfniviðmið 3
Íslenska – ÍSL 15/ÍSL 25 4
Námskeiðslýsing 4
Námsmarkmið 4
Kennsluaðferðir 4
Námsmat 4
Námsgögn 4
Danska – DAN 15 5
Námsskeiðslýsing 5
Námsmarkmið 5
Kennsluaðferðir 5
Námsmat 5
Námsgögn 5
Tölvu – og upplýsingatækni – UTN1050 6
Námsskeiðslýsing 6
Kennsluaðferðir 6
Námsmarkmið 6
Námsmat 6
Námsgögn 6
Námstækni og sjálfstyrking 7
Námsskeiðslýsing 7
Námsmarkmið 7
Kennsluaðferðir 7
Námsmat 7
Námsgögn 7
Stærðfræði – STÆ 15, 25 og 35 8
Námsskeiðslýsing 8
Námsmarkmið 8

Námsmat 8
Námsgögn 8
Enska – 25/35 9
Námsskeiðslýsing 9
Námsmarkmið 9
Kennsluaðferðir 9
Námsmat 9
Námsgögn 9
Lokaverkefni 10
Námsskeiðslýsing 10
Námsmarkmið 10
Kennsluaðferðir 10
Námsmat 10
Námsgögn 10
Yndislestur 11

Inngangur

Við kennslu í Menntastoðum er lögð áhersla á að kennsla fari fram með fjölbreyttum kennsluaðferðum meðal annars með útlistunarkennslu og verkefnamiðuðu námi.

Í Menntastoðum er unnið samkvæmt hugmyndum um leiðasagnarmat þar sem námsmat er stöðugt í gangi. Í Menntastoðum er námsárangur og námsframvinda nemenda metin jafnt og þétt alla önnina með fjölbreyttum verkefnum og stuttum könnunum. Ekki eru haldin 100% skrifleg lokapróf.

Mímir leggur áherslu á að kennarar veiti nemendum sínum umsagnir um skilaverkefni jafnt og þétt yfir önnina. Með því móti er nemanda gert kleift á að átta sig betur á stöðu sinni og hvar hann getur bætt sig í náminu.

Lokaeinkunnir eru gefnar á skalanum 1-10 í heilum og hálfum tölum nema í *Námstækni og sjálfstyrkingu* er gefin einkunnin S (staðið) og F (fallinn).

Lágmarkseinkunn til að ljúka áfanga er 4,75.

Þeir sem ekki ljúka áfanga fá einkunnina F (fall).

Heiðarleiki í námi

Mímir leggur áherslu á að nemendur í Menntastoðum viðhafi heiðarleg og vönduð vinnubrögð í námi sínu.

Nánari upplýsingar um hvað er ritstuldur má finna á eftirfarandi vefsíðum:

- *Turnitin White PaperThe Plagiarism Spectrum: Instructor Insights into the 10 Types of Plagiarism*. https://www.turnitin.com/static/plagiarism-spectrum/
- Ritstuldarvarnir með Turnitin-forritinu https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=28615

Vakin er athygli á að ritstuldur getur þýtt F (fall) í áfanga.

Svindl á prófi

- Nemandi sem staðinn er að svindli fær einkunnina núll (F) í viðkomandi námsgrein.

Hæfniviðmið

Samkvæmt námskrá Menntamálastofnunar eru hæfniviðmið Menntastoða eftirfarandi:

- Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á lykilatriðum í kjarnagreinum framhaldsskóla
- Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að beita þeirri námstækni sem hentar honum til náms
- Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að vinna verkefni sjálfstætt og skipulega
- Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu hæfni, þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að takast á við aðfaranámi í háskólum og/eða öðru námi á 3 hæfniþrepi, að loknum Menntastoðum

Íslenska – ÍSL 15/ÍSL 25

Hæfniþrep 2
Einingar: 10

Námskeiðslýsing

Áhersla er lögð lestur og tjáningu í ræðu og riti. Lesnir eru fjölbreyttir textar og fjallað um þá. Unnið með lykilhugtök málfræði og málfars í tengslum við ritun og tjáningu. Nemendur fá innsýn í grunnhugtök bókmenntafræði, ritgerðarsmíðar og bragfræði. Nemendur fá þjálfun í ritun styttri og lengri texta, uppbyggingu, vinnubrögðum og frágangi, heimildaleit, meðferð og notkun heimilda í texta. Nemendur fá þjálfun í stafsetningu og í notkun hjálparvefja um íslenskt mál.

Námsmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og leikni:

- Lestri fjölbreyttra texta, s.s. skáldsagna, smásagna, ljóða og fornbókmennta
- Greiningu myndmáls og stílbragða í textum
- Ritun texta og ritgerða, heimildavinnu og ritun heimildaritgerða
- Grunnatriðum málfræði
- Stafsetningu
- Munnlegri framsögn

Kennsluaðferðir

Lögð verður áhersla á virkni nemenda í tímum og unnin fjölbreytt verkefni, einstaklings- og hópverkefni, tíma- og heimavinnuverkefni. Áhersla er lögð á tölvunotkun í vinnslu og skilum verkefna.

Námsmat

Þrep 2		Þrep 2	
Íslenska 15		**Íslenska 25**	
Ég man þig	25%	Ritun – stutt verkefni	20%
Smásögur, ljóð og bragfræði	10%	Kjörbók	20%
Ritun og málfar/málfræði	15%	Heimildaritgerð	25%
snorraedda.is	20%	Framsögn	10%
Málsaga	15%	Stoðkennarinn - stafsetning	15%
Orðflokkagreining-Stoðkennarinn	15%	Málfar	10%

Próf í fjarnámi í íslensku 15. Lágmarkseinkunn 4,75
Lágmarkseinkunn úr könnunarprófum er 4,75

Námsgögn

Ísl 15
Ég man þig, höf. Yrsa Sigurðardóttir
Stoðkennarinn, málfræði, netaðgangur
Snorraedda.is, netaðgangur
Ljóð og bragfræði
Málsaga
Textar, glærur og verkefni í Innu

Ísl 25
Kjörbók (listi frá kennara)
Stoðkennarinn, stafsetning, netaðgangur
Textar, glærur og verkefni í Innu

Danska – DAN 15

Hæfniþrep 2
Einingar: 5

Námskeiðslýsing

Námskeiðið er byggt á öllum fjórum færniþáttunum: lestri, hlustun, tali og ritun og miðar að því að nemendur öðlist staðgóða þekkingu og færni í þeim. Margvíslegir textar verða lesnir og unnið með orðaforða á fjölbreyttan hátt.
Ritþjálfun tekur mið af notkun ritvinnsluforrita með ábendingum um leiðréttingar og notkun rafrænna orðabóka.

Námsmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og leikni:

- Að lesa fjölbreytta danska texta og kynnist þannig danskri menningu og fylgist með málefnum líðandi stundar með lestri ólíkra texta
- Grunnatriðum í danskri málfræði
- Ritun og þjálfi þannig notkun orðaforða, stafsetningu og málfræði
- Tali og hlustun

Kennsluaðferðir

Hefðbundin innlögn og verkefnavinna heima og í tíma á kennsluvef. Textar og annað efni fjalla að stórum hluta um danska menningu, Danmörku og dönsku. Einnig er upplýsingatækni nýtt sem kennsluaðferð heima og í kennslustundum. Notast verður við margmiðlunartækni í tímum og námi og notkun orðabóka á vefnum.

Námsmat

Þrep 1	
Danska 15	
Lesskilningur og textavinna	30%
Ritun	20%
Tal	20%
Hlustun	20%
Annað	10%

Lágmarkseinkunn úr könnunarprófum er 4,75

Námsgögn

Textar, glærur og verkefni í Innu

Tölvu – og upplýsingatækni – UTN1050

Hæfniþrep 2
Einingar: 5

Námskeiðslýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í tölvu- og upplýsingatækni. Fjallað er um almenn atriði upplýsingalæsis, um tölvubúnað og hvernig best má hagnýta vél- og hugbúnaðinn í námi og starfi. Áhersla er á að þjálfa nemendur í notkun ýmissa gagnlegra forrita í tengslum við vinnu í öðrum námsþáttum námskrárinnar.

Lagt er upp úr kynningu og notkun á opnum (gjaldfrjálsum) hugbúnaði og farið er yfir reglur í siðlegum samskiptum á netinu.

Kennsluaðferðir

Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Námsmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og leikni í:

- Ritvinnslu; Word, PowerPoint og Excel
- Töflureikni
- Skráningu heimilda, um höfundarétt
- Kynningarforritum
- Miðlum
- Netsiðum. Siðfræði netsins, upplýsingalög, stafræn borgaravitund
- Að nýta sér veraldarvefinn í upplýsingaleit og samskiptum til að verða virkir tölvunotendur
- Nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Námsmat

Nemendur taka lokapróf bæði í Word og Excel. Þeir leysa verkefni í kennslustundum ásamt heimavinnu, sem kennari leggur fyrir. Skilaskylda er á verkefnum í áfanganum. Tenglar í skilaverkefnin eru sett inn á kennsluvefinn inna.is og þeim skilað þangað samkvæmt leiðbeiningum og fyrirmælum frá kennara

Lágmarkseinkunn úr könnunarprófum er 4,75

Námsgögn

Office 2019/365 UTN – Upplýsinga- og tölvunotkun
Kennslubók með verkefnum fyrir byrjendur höf. Jóhanna Geirsdóttir

Námstækni og sjálfstyrking

Hæfniþrep 2
Einingar: 5

Námskeiðslýsing

Í námstækni er lögð áhersla á helstu atriði sem hafa áhrif á námsgetu og upplag hvers og eins, áhuga, virkni, reglufestu og einbeitingu. Nemendum er kynnt margvísleg tækni sem hægt er að nýta sér við nám til að auka námsárangur og námsánægju. Könnuð er námsnálgun hvers nemanda fyrir sig og þeir gerðir meðvitaðir um hvaða þættir það eru sem þarf að bæta. Stefnt er að því að nemendur finni námstækni sem hentar hverjum fyrir sig og að þeir tileinki sér nýjar aðferðir eftir því sem við á. Fjallað er um skipulögð vinnubrögð, áhrifaþætti á nám, námstækni námsgreina, tímastjórnun, glósutækni, lestraraðferðir, minni, upprifjun, einbeitingu, áhuga, virkni, prófundirbúning, próftöku og sálarfræði námsins.

Í sjálfstyrkingu er lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í samskiptum og hvaða áhrif framkoma annarra hefur á þá. Unnið er markvisst að því að efla samskiptafærni nemenda og tekin fyrir atriði eins og eigin hugsanir, virk hlustun, tjáskipti, gagnrýni og að leysa ágreining. Lögð er áhersla á að kenna nemendum aðferðir til að átta sig á eigin styrkleikum og annarra í hópavinnu til að ná betri árangri. Einnig er lögð áhersla á að efla sjálfstraust í því að koma fram og lesa og eða kynna texta. Hluti af námsþáttum í námstækni er samþætt með tölvu-og upplýsingatækniáfanga.

Námsmarkmið

Að nemendur:

- Þekki í aðalatriðum hvað hefur áhrif á nám
- Þekki undirstöðuatriði í námstækni og markmiðasetningar
- Séu í lok náms færir um að nota námstækni sem hentar eigin námsstíl
- Þekki leiðir í lok námsins til að beita skipulögðum vinnubrögðum og sjálfsaga í námi
- Þekki samhengi milli sjálftrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum við aðra
- Þekki hvernig hægt er að efla sjálfstraustið og sjálfsábyrgðina í tengslum við eigin líðan
- Efli færni sína til að vinna í hópum
- Öðlist færin í gerð ferilskráa og kynningarbréfs
- Efli færni sína til að flytja eigin texta fyrir hóp og tjá skoðanir sínar

Kennsluaðferðir

Lögð verður áhersla á virkni nemenda í tímum og unnin fjölbreytt verkefni, einstaklings- og hópverkefni, tíma- og heimavinnuverkefni. Áhersla er lögð á tölvunotkun í vinnslu og skilum verkefna.

Námsmat

Skilaverkefni 100%.
Í námstækni er gefin einkunnin S (staðið) og F (fallið).

Námsgögn

Textar, glærur og verkefni í Innu

Stærðfræði – STÆ 15, 25 og 35

Hæfniþrep 2
Einingar: 15

Námskeiðslýsing

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu og röksemdarfærslu við úrlausn verkefna og þrauta.

Námsmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og leikni í:

- Að temja sér nákvæm vinnubrögð
- Að vinna með tölur og leysa ýmsar talnaþrautir
- Rúmfræði, algebru, hnitakerfinu, hornafræði o.fl.
- Að reikna hlutföll, prósentur, vaxtareikning og hornafræði og þekki helstu eiginleika vigra í hnitakerfi
- Að geti unnið með fallhugtakið og aðgerðir með föllum
- Annars stigs margliðu og annars stigs jöfnu
- Að reikna með margliðum og ræðum föllum og þekki undirstöðuatriði mengjafræðinnar
- Í algebru og hnitakerfinu

Námsþættir

Stærðfræði 15	Stærðfræði 25	Stærðfræði 35
Almenn brot	Hlutföll – Prósentur –Vextir	Ójöfnur
Algebra (stæður – liðun – þáttun)	Horn	Talnagildi
Jöfnur	Þríhyrningar	Annars stigs jöfnur
Veldi og rætur	Hornaföll	Fleygbogar
Bein lína í hnitakerfi	Vigrar	Margliður

Námsmat

Þrep 2		Þrep 2		Þrep 2	
Stærðfræði 15		**Stærðfræði 25**		**Stærðfræði 35**	
3-4 könnunarpróf	60 – 80%	2-3 könnunarpróf	40-60%	2-3 könnunarpróf	40-60%
Örpróf og önnur		Örpróf og önnur		Örpróf og önnur	
verkefni	20-40%	verkefni	40-60%	verkefni	40-60%

90% skilaskylda er á verkefnum í öllum áföngum
Lágmarkseinkunn úr könnunarprófum er 4,75
Lokapróf 30% í fjarnámi í stæ. 15., 25 og 35. Lágmarkseinkunn 4.75

Námsgögn

Stæ 105 höf: Jón Þorvarðarson
Stæ 205, höf: Jón Þorvarðarson
Stæ 225, höf: Jón Þorvarðarson o.fl.
Textar, glærur og verkefni í Innu

Enska – 25/35

Hæfniþrep 2
Einingar: 10

Námskeiðslýsing

Námskeiðið er byggt á öllum fjórum færniþáttunum: lestri, hlustun, tali og ritun. Verkefni miða að því að byggja upp færni nemandans til að öðlast staðgóða þekkingu og færni í tali, ritun og skilningi á rituðu og töluðu máli.

Margvíslegir textar verða lesnir og unnið ítarlega með orðaforða á fjölbreyttan hátt. Farið verður í ýmis málfræðiatriði, tíðir sagna, og verkefni unnin. Nemendur munu lesa smásögur og skáldsögu og leysa verkefni í tengslum við þær. Nemendur munu vinna ýmsar ritunaræfingar og þjálfa þannig notkun orðaforða og mál- og ritfærni sem og þjálfun í stafsetningu. Nemendur munu leysa hin ýmsu tal- og hlustunarverkefni til að þjálfa færni sína í þeim þáttum. Nemendur munu með textunum kynnast menningu og mannlífi hans betur. Notast verður við margmiðlunartækni í tímum og námi og notkun orðabóka verður þjálfuð

Námsmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og leikni í:

- Að beita tungumálinu í ræðu og riti
- Lestri margs konar texta með það að markmiði að auka lesskilning og orðaforða
- Ritun texta meðal annars þar við uppsetningu ritgerða og texta, s.s. inngang, meginmál og lokaorð.
- Í að rita málfræðilega og stafsetningalega rétta texta

Kennsluaðferðir

Hefðbundin innlögn námsefnis, umræður og fjölbreytt einstaklings- og/eða hópverkefni sem unnin eru heima og í tímum. Verkefni unnin í tölvum og stuðlað er að sjálfstæði í námi og verkefnavinnu.

Námsmat

Þrep 2		Þrep 2	
Enska 25		**Enska 35**	
2 kaflapróf	40%	2 kaflapróf	40%
Munnlegt próf	10%	Munnlegt próf	10%
Hlustunarpróf	5%	Hlustunarpróf	5%
Killing Mr. Griffin	20%	The curious incident of the dog in the night time	20%
Ritunarverkefni	20%	Ritunarverkefni	20%
Önnur verkefnavinna	5%	Önnur verkefnavinna	5%

Lágmarkseinkunn úr könnunarprófum er 4,75

Námsgögn

Focus on vocabulary 1 – Bridging vocabulary (enska 25, kaflar 7 - 17, enska 35, kaflar 18 – 27)
Killilng Mr. Griffin, Lois Duncan
The curious incident of the dog in the night time, Mark Haddon
Efni frá kennara, lesskilningsverkefni og smásögur
Textar, glærur og verkefni í Innu

Lokaverkefni

Hæfniþrep 2
Einingar: 5

Námskeiðslýsing

Í áfanganum lokaverkefni fer fram samþætting nokkurra námsgreina. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri að skrifa heimildarritgerð og ljúki með formlegri kynningu. Efni og leiðsögn á námskeiðinu miðar að því að byggja upp færni nemandans til að öðlast staðgóða þekkingu og færni í að vinna heimildarritgerð.

Námsmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og leikni í

- Að geta skrifað ritgerð með uppsetningunni inngangur, meginmál og lokaorð
- Að leita heimilda á netinu
- Að taka sjálfstæðar ákvarðanir er varða val á heimildum
- Að kunna að nota og skrá heimildir rétt í texta
- Að geta sett upp heimildarskrá
- Að skrifa heimildarritgerð og kynna hana

Kennsluaðferðir

Hefðbundin innlögn námsefnis er tengist ritgerðarskrifum. Ritgerð unnin í tölvum og ætlast er til sjálfstæði í skrifum, en með leiðsögn kennara. Samþætt með tölvu-og upplýsingatækniáfanga.

Námsmat

Þrep 2	
Lokaverkefni	
Heimildaritgerð	80%
Kynning	20%

Námsgögn

Efni frá kennara er varðar gerð heimildarritgerðar
Textar, glærur og verkefni frá kennara

Yndislestur

Hæfniþrep 2

Einingar: 5

Námskeiðslýsing

Lestur bókmenntaverka á íslensku eða ensku til skilnings og yndisauka.
Lesin eru fjögur bókmenntaverk af bókalista áfanga. Skil úr bókunum eru eftir leiðbeiningum kennara. Skilin geta vera margvísleg en þurfa að taka mið af viðmiðum áfangans.

Námsmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu, hæfni og leikni í:

- Skilningi á mikilvægi lestrar
- Að þekkja mismunandi stíltegundum bókmenntaverka
- Skilningi á þeirri ánægju sem felst í lestri bóka
- Að lesa bókmenntatexta sér til gagns og gamans
- Að greina aðalatriði í texta
- Að tjá og rökstyðja persónulegar skoðanir sínar
- Að auka ánægju sína við lestur
- Að bæta og dýpka lesskilning

Kennsluaðferðir

Nemendur sækja ekki formlegar kennslustundir en mæta reglulega í viðtal til kennara þar sem þeir gera grein fyrir því sem þeir hafa lesið. Fyrirmæli og leiðbeiningar frá kennara á Innu.

Námsmat

Símat í formi viðtala við kennara eða önnur verkefni sem kennari ákveður.

Námsgögn

Fjögur bókmenntaverk á íslensku eða ensku af bókalista áfangans.